

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2020

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Tækniþróunarsjóð, 321. mál.**

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (hér eftir HMS) vísar til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 27. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um frumvarp ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra til laga um Tækniþróunarsjóð. Skyld þingmál var lagt fram á 151. þingi og HMS skilaði umsögn um það, sbr. 322. mál. Vísast til þeirrar umsagnar til frekari skýringar.

HMS hefur farið yfir framangreint frumvarp og tekur undir að rétt hafi verið að fella brott ákvæði til bráðabirgða um sérstakan styrkjaflokk byggingarránsókna og sérstakt fagráð um byggingarránsóknir. Í staðinn sé ráðgert í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun, sbr. mál. 322., að stofnaður verði sérstakur ránsóknarsjóður af hálfu félags- og barnamálaráðherra annars vegar og ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hins vegar sem vistaður verði hjá HMS. Í því frumvarpi er kveðið nánar á um samkeppnissjóðinn.

HMS tekur jafnframt undir þau sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu að mikilvægt sé að viðhalda öflugum ránsóknum á sviði mannvirkjagerðar og byggingariðnaðar. Með breytingunni sem lögð er til í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við nýsköpun um að samkeppnissjóðurinn verði vistaður hjá HMS er þannig verið að styrkja þjóðhagslega mikilvægar ránsóknir í byggingariðnaði með áherslu á nýsköpun og aðferðir til að takast á við samfélagslegar áskoranir á hverjum tíma.

Virðingarfyllt  
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar



Herdís Hallmarsdóttir, lögfræðingur á skrifstofu forstjóra